

Hluthafastefna Festu lífeyrissjóðs

Almennt

Festa lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar en jafnframt að vera ábyrgur hluthafi og stuðla að framþróun starfshátta innan fyrirtækja og á hlutabréfamarkaði. Hluthafastefna þessi varðar aðkomu Festu að fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir beint í.

Festa lífeyrissjóður gerir kröfu til þess að fyrirtæki, sem sjóðurinn fjárfestir í, sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum, gæti að jafnrétti kynjanna, umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda. Sjóðurinn hvetur sérstaklega til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum. Við mat á virkni sjóðsins sem fjárfestir er m.a. litið til eignarhlutdeildar, fjárhæða, stöðu sjóðsins í hópi hluthafa og möguleika sjóðsins til að hafa áhrif á þau atriði sem stefnan tekur til. Sjóðurinn metur verulegan eignarhlut með eftirfarandi hætti:

- 1,5% af heildareignum lífeyrissjóðsins
- 3% eða hærra eignarhlutur í hverju félagi eða
- sjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa í einstöku félagi

Markmið stefunnar

Festa lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að taka við iðgjaldi félagsmanna, ávaxta það og skila til félagsmanna í formi lífeyris. Stefna sjóðsins er að hámarka þær greiðslur með því að ná sem bestri langtímaávöxtun, að teknu tilliti til áhættu. Við fjárfestingar er einnig tekið tillit til þeirra viðmiða sem falla undir ábyrgar fjárfestingar að því marki sem lög leyfa og að teknu tilliti til hlutverks sjóðsins um háværkun lífeyrissréttinda sjóðsfélaga.

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs er sett af stjórn sjóðsins ár hvert og markar hún stefnu um hvernig eignasamsetningu sjóðsins skuli háttað að teknu tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Markmið hluthafastefnu þessarar er að marka stefnu og stjórnarhætti Festu lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í og auka þannig gegnsæi við fjárfestingar sjóðsins, ábyrgð hans sem eiganda og styðja þannig við þau langtímasjónarmið sem liggja að baki fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Sjóðurinn mun horfa til þess við fjárfestingar hvort fyrirtæki sem hann fjárfestir í fylgi góðum stjórnarháttum við rekstur og gefi upplýsingar þar um í ársskýrslum. Horft verður til þess hvort innlend fyrirtæki fylgi leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands (NASDAQ Iceland) og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja, en útgefendum hlutabréfa í Kauphöll Íslands ber að fylgja leiðbeiningunum eða upplýsa um frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórnarhættir eru skilgreindir sem samband milli stjórnenda félags, stjórnar þess, hluthafa og annarra haghafa. Stjórnarhættir ákvarða með hvaða hætti félagi er stjórnað. Festa telur að stjórnarhættir félags geti skipt sköpum, því félag sem viðhefur góða stjórnarhætti er líklegri til að vera samkeppnishæfara og vegna vel til lengri tíma litið.

Aðkoma að vali stjórnarmanna

Festa gerir kröfu um að stjórnarmenn í fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum og kostgæfni og í samræmi við góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn eiga að vera sjálfstæðir í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni viðkomandi fyrirtækis að leiðarljósi.

Áhersla er lögð á að samsetning stjórnar sé með þeim hætti að reynsla, menntun og hæfni stjórnarinnar í heild hæfi sem best þörfum félagsins.

Festa metur í hverju tilviki fyrir sig hvort sjóðurinn gerir tillögu um stjórnarmann fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar fer fram. Ef sjóðurinn á þess kost á grundvelli eignarhalds leitast hann við að tilnefna hæfa fulltrúa í stjórnir félaga, annaðhvort einn og sér eða í samstarfi við aðra aðila. Framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og varaformaður stjórnar Festu mynda valnefnd sem tilnefnir stjórnarmenn þegar það á við.

Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn sjóðsins sitja í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er jafnframt óheimilt að sitja í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Jafnframt við sérstakar aðstæður, svo hægt sé að fylgja eftir hagsmunum sjóðsins með fullnægjandi hætti, er starfsmönnum heimilt með ákvörðun stjórnar að sitja í stjórnnum eða ráðum áhættufjármagnsfyrirtækja eða -sjóðum sem lífeyrissjóðurinn á hlut í.

Hluthafafundir

Á hluthafafundum mun Festa greiða atkvæði í samræmi við hagsmuni lífeyrissjóðsins. Almennt munu tillögur á hluthafafundum vera studdar ef Festa telur ákvörðun vera til hagsbóta fyrir hagaðila viðkomandi fyrirtækis með langtímasjónarmið að leiðarljósi. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í fyrirtækjum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Hann getur jafnframt veitt öðrum umboð til að fara með atkvæði sjóðsins.

Starfskjör stjórnenda

Festa gerir kröfu um að starfskjarastefna uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og við á.

Festa telur að við ákvörðun um starfskjör stjórnenda eigi að gæta hófs og m.a. að líta til stærðar og umfangs fyrirtækisins, launadreifingar innan þess, svo og þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem fyrirtækið starfar á.

Festa lífeyrissjóður leggur áherslu á að ávallt liggi fyrir greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum æðstu stjórnenda. Lögð er áhersla á að starfskjarastefnur greini hvornig þær styðji við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum, þar á meðal hlunnindum.

Samþykkt á fundi stjórnar Festu lífeyrissjóðs 29.06.2020